

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Sléttuvegur, lóð III.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 10. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi Sléttuvegar, lóð III.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 14. júní 2005.*

**Margrét Þormar**, skipulagsfulltrúi e.u.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 559, 7. júní 2005, um vigtun og skráningu meðafla við kolmunnaveiðar.

1. gr.

Í stað orðanna „20. júní 2005“ í 4. gr. reglugerðarinnar komi: 4. júlí 2005.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 61, 24. maí 2005, um breytingar á lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. júní 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 424, 27. apríl 2005, um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2005.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eingöngu er heimilt að stunda síldveiðar utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu samkvæmt 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með þeim takmörkunum sem síldveiðum eru settar í sérstökum reglugerðum eða skyndilokunum. Aðeins skal 8 færeyskum skipum heimilt að stunda síldveiðar samtímis í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. júní 2005.*

F. h. r.

**Pórður Eypórsson.**

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*